

Áveitan

2. tbl. 8. árgangur. Febrúar 2014

Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum fara fram laugardaginn 1. mars í Íþróttahúsinu á Hellu. Leikarnir hefjast kl 10:00 með keppni 8 ára og yngri í svokallaðri þrautabraut sem er liðakeppni þar sem krakkarnir fara í gegnum þrautir sem byggðar eru á frjálsum íþróttum. Kl 11:00 hefst svo keppni í flokkum 9 og 10 ára en sá aldur keppir í hefðbundnum innanhússgreinum en þær eru:

9 ára: 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast og boðhlaup

10 ára: 30m hlaup, langstökk án atrennu, kúluvarp, hástökk og boðhlaup.

Við hvetjum foreldra til að skrá börnin sín til leiks en það er hægt með því að tala við Örvar Rafn Hlíðdal frjálsíþróttahjálfa (orvar@floaskoli.is) eða við Guðmundu Ólafsdóttur (guðmunda89@gmail.com). Í anda ÍSÍ fá allir keppendur viðurkenningu fyrir þátttökuna á mótinu. Við vonumst til að sjá marga krakka frá Þjótanda á mótinu og helst alla í liðsbúningnum okkar.

Ungmennafélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kauptilboð í spildur úr jörðinni Hraungerði

Á fundi sveitarstjórnar 8. janúar s.l. var lögð fram matsgjörð á spildum úr jörðinni Hraungerði dags. 5. desember 2013. Þetta eru spildur sem Flóahreppur leigir af Biskupsstofu og eru m.a. undir húsnæði leikskólans Krakkaborgar, félagsheimilinu Þingborg og gömlu Þingborg. Sveitarstjórn samþykkti að gera kauptilboð, 6.000.000 kr. í spildurnar sem eru um 15 ha að stærð.

Málefni leikskólans Krakkaborgar

Hreinsun á húsnæði leikskólans í Þingborg er lokið en það voru þeir Ólafur Lárusson og Árni Hrólfsson sem önnuðust framkvæmdir. Verkið fól í sér hreinsun vegna myglusvepps, öll gólfefni voru fjarlægð og slípað ofan í stein ásamt því að fjarlægja allar innihurðir, sólbekki og aðra innanstokksmuni.

Verkið hefur verið unnið undir leiðsögn Húss og heilsu.

Tilboð liggja fyrir í hönnun á burðarþoli og pípuþögnum, loftræstingu og raflögnum vegna viðbyggingar og breytinga á núverandi húsnæði leikskólans og er reiknað með að þeirri vinnu verði lokið innan 6 vikna eða um 24. febrúar n.k. Þegar hönnunarvinnu er lokið verður auglýst eftir verktökum til framkvæmda.

Sameiginleg stjórnun leik- og grunnskóla

Sveitarstjórn hefur skoðað kosti þess og galla að vera með einn og sama stjórnanda fyrir leik- og grunnskóla. Ýmis gögn eru til varðandi samrekstur skólastiga sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman. Niðurstöður könnunar sem sambandið lét gera sýna mjög mismunandi útkomur á samrekstri enda ólíkar forsendur á hverjum stað. Sveitarstjórn hefur því samþykkt að fá Gerði G. Óskarsdóttur til að gera úttekt á hugmyndum um sameiginlega stjórnun að loknum fundi með fulltrúum sveitarstjórnar, fræðslunefndar og skólastjórnendum beggja skólastiga.

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett sér siðareglur sem gilda fyrir alla kjörna fulltrúa sveitarfélagsins. Reglurnar má nálgast á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is undir stjórnsýsla, samþykktir og reglur.

Nýir starfsmenn Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings

Þann 2. janúar 2014 tók til starfa Skóla og velferðarþjónusta Árnesþings. Sveitarfélögin, Bláskóagabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus hafa undanfarin tvö ár verið í samtarfi um rekstur

velferðarþjónustu og hafa nú aukið það samstarf með því að reka sameiginlega sérfræðiþjónustu fyrir skóla. Hinni nýju skóla- og velferðarþjónustu er ætlað að vinna á grundvelli heildarsýnar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna og að stuðla að sjálfbærni skóla og stofnana aðildarsveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á mikilvægi snemmtækrar ihlutunar, fræðslu, forvarnir og þverfaglegt samstarf. Ráðnir hafa verið þrír starfsmenn sem sinna málefnum skólaþjónustunnar. Þeir eru: Hrafnhildur Karlsdóttir, kennsluráðgjafi og teymisstjóri. Hún er með aðsetur í stjórnsluhúsinu á Borg. Símanúmer er 486-4400 og netfang hrafnhildur@arnesthing.is Hugergerði. Símanúmer er 483-4000 og netfang hugrun@arnesthing.is Ólína Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi, með aðsetur í ráðhúsi sveitarfélagsins Ölfus. Símanúmer er 480-3800 og netfang olina@arnesthing.is

Hækkun raforkuverðs í dreifbýli

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur mótmælt hækkun Rarík á dreifingu raforku í dreifbýli. Sveitarstjórn segir í bókun sinni að hækkunin sé alvarleg aðför að íbúum í dreifbýli landsins sem auki enn á mismun búsetuskilyrða milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Auglýsing um styrki Menningarráðs Suðurlands

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag. Heimilt er að sækja um styrk til verkefna sem umsækjandi er þegar byrjaður að vinna í.

Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið að árið 2014 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

1. Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
2. Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.
3. Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.
4. Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
5. Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.

Menningarráð mun ekki veita endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnarðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Menningarráð Suðurlands auglýsir einnig stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. (Styrkir sem Alþingi veitti áður).

Tilgangur styrkjanna er að stuðla að því að efla starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Styrkveitingar miðast við árið 2014.

Umsóknarfrestur í báðum flokkum er til og með 20. febrúar 2014.

Umsóknum skal skila rafrænt í gegnum eyðublöð á heimasíðu Menningarráðs Suðurlands, www.sunnanmenning.is. Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands í síma 480-4207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Nú er vinna við jólabasar 2014 komin á fullt. Við ætlum að hittast á loftinu í Félagslundi annan hvern þriðjudag á næstunni. Næst hittumst við 4. febrúar, svo þann 18. febrúar og 4. mars. Öll kvöldin verður byrjað kl. 20.00. Við hvetjum til góðrar þátttöku, þetta er mjög skemmtilegt og fræðandi og samvera félagskvenna er svo það sem stendur upp úr. Konur utan félags er sérstaklega hvattar til að koma og kynna sér hvað við erum að gera.

Stjórn og basarnefnd.

Myndir óskast

Verið er að vinna að breytingum á heimasíðu Flóahrepps og er meðal annars búið að taka saman heilmikið efni um svæðið. En því miður á sveitarfélagið ekki mikið af myndum. Það er mjög mikilvægt fyrir sveitafélagið af hafa góðar, fallegar og skemmtilegar myndir til að hafa á heimasíðunni, á kortum og bæklingu. Það er hagur allra að þær dreifist sem víðast svo gestir komi til að skoða svæðið okkar. Ákvað stjórn ferðaþjónustklasans því að auglýsa eftir myndum af svæðinu (til frjálsra afnota). Tekin var ákvörðun um að óska eftir myndum í eftirfarandi flokkum:

Náttúra, búskapur, menning, mannlíf og viðburðir.

Endilega sendið á netfangið idunn@floahreppur.is

Með fyrirfram þökk og von um að hægt verði að gera heimasíðuna okkar fallega og svæðið okkar sýnilegra.

Fyrir hönd ferðaþjónustuklasa Flóahrepps

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Gaulverja:

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 12. febrúar kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Á fundinn kemur Sveinn Sigurmundsson frá BSSL.

Stjórnin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús verður hjá Petru, sunnudagskvöldið 16. febrúar frá kl. 20.00. Munið eftir að taka með ykkur veitingar á kaffiborðið. Vonandi geta sem flestar komið og átt með okkur góða kvöldstund.

Aðalfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárveri, fimmtudagskvöldið 13. mars. Endilega takið kvöldið frá, nánar auglýst síðar.

Dagur kvenfélagskonunnar er 1. febrúar ár hvert. Í ár verður haldið upp á daginn okkar, þann 6. febrúar kl. 20.00 í Þingborg. Kvenfélögin í Flóanum sjá um samkomuna að þessu sinni. Skemmtidagskrá og veitingar, ásamt sölusýningum nokkurra handverkskvenna. Við hlökkum til að sjá ykkur og endilega takið með ykkur gesti.

Frá Sauðfjárræktarfélagi Hraungerðishrepps

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur félagsins verður haldin í Þingborg mánudaginn 17. febrúar næstkomandi kl 20:30. Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf, verðlaunaveitingar fyrir afurða hæsta bú félagsins og fyrir bestu 5.v ána. Hugsanlega verður einhver með erindi en ekki er búið að bóka neinn þegar þetta er skrifað. Kaffi selt á staðnum. Vonumst eftir góðri mætingu.

Leiga á Klaufsnýrtibás fyrir sauðfé!!

Stjórn Sauðfjárræktarfélagsins, hefur ákveðið að bjóða sauðfjərbændum í flóanum afnot af klaufsnýrtibás gegn vægu gjaldi. Að sjálfsögðu skal ganga vel um hann og hreinlætis gætt við flutning á svona tækjum milli bæja. Leigan er 3000 kr. og svo plús 50 kr. pr. Kind. Upplýsingar í síma: 690-8939 Geir Gíslason Stjórnin

Messað verður í Gaulverjabækjakirkju sunnudaginn 16. febrúar kl. 14:00. Prestur er Sr. Sveinn Valgeirsson og organisti Haukur Gíslason.

Hraungerðiskirkja

Messa verður í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 16. febrúar kl. 13.30. Allir hjartanlega velkomnir.

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin sunnudaginn 16. feb. 2014 í reiðhöllinni á Austurási kl.14.00. Þátttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning í síma hjá Atla Geir S:8982256 atligeir@hive.is

Skráningfrestur rennur út kl 22.00 14. feb. 2014. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

„Austurás er hesthús og reiðskemma sem stendur rétt við Selfoss, nánar tiltekið við hliðina á Austurkoti og Votmúla.“

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA STJÓRNIN

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

Aðalfundur og 100 ára afmæli

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 24. febrúar kl. 20:30. Dagskrá fundarins: Venjulega aðalfundarstörf.

Á síðasta ári voru liðin 100 ár frá stofnun félagsins og af því tilefni verður flutt erindi um sögu félagsins og birtar myndir, gamlar og nýjar. Stjórnin vill hvetja alla áhugasama að mæta, afmæliskaffi í boði félagsins.

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Sleipnishöllinni á Selfossi sunnudaginn 9. mars nk. Nánar auglýst í næstu Áveitu og á heimasíðu félagsins hross.weebly.com

Þá vill stjórnin góðfúslega minna félagsmenn á að greiða félagsgjaldið sem er 1500 kr. inn á reikning félagsins sem er 0152-05-260163, kt:520310-0370.

Stjórnin

Get tekið að mér járningar frá byrjun febrúar.

Victor Victorsson Skyggnisholti, sími 8995570 eða 5881574.

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps

verður haldin föstudagskvöldið 21. febrúar 2014 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Dagskrá hefst kl:20:30

Þekktur hestamaður með fyrirlestur. Verðlaunaveiting félaganna.

Veitt verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna

Nautgriparæktarfélag Flóamanna heldur aðalfund sinn þriðjudaginn **18. febrúar**í Félagslundi og hefst hann **kl. 13:00**. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem gestur fundarins verður Guðmundur Jóhannesson ábyrgðarmaður nautgriparæktar hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Kaffi í boði félagsins. Kúabændur og allir aðrir áhugamenn um nautgriparækt velkomnir.

Stjórnin

Glimufréttir:

Bikarglíma Íslands

Þrír keppendur úr röðum Þjótanda tóku þátt í Bikarglímu Íslands sem fór fram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans 25. janúar. Jón Gunnþór Þorsteinsson keppti í +80 kg flokki unglunga og hafnaði í öðru sæti. Guðrún Inga Helgadóttir glímdu í -65 kg flokki lenti í öðru sæti í þeim flokki en í 3. sæti í opnum flokki og Hanna Kristín Ólafsdóttir hafnaði í 3.sæti í +65 kg flokki og 5. sæti í opnum flokki.

Glimumót ofl. framundan

Grunnskólamót HSK fer fram í Reykholti miðvikudaginn 5. febrúar og hefst kl. 11.00.

15.-16. febrúar verða æfingar fyrir úrvalshóp GLÍ í Reykjavík.

1. mars fer Landsflokkaglíman fram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans. Glimuþing er haldið sama dag.

6. mars fer síðan fram Skjaldarglíma Skarphéðins og Bergþóru auk héraðsglímu HSK að Laugalandi í Holtum.

Glimuæfingar

Æfingar eru sem áður í Félagslundi á mánudögum frá 16:30 til 17:30 fyrir grunnskólabörn og á fimmtudögum frá 20:00 til 21:30 fyrir eldri iðkendur.

Íþróttافرéttir-Þjótandi

Aldursflokka og unglíngamót HSK

Aldursflokka og unglíngamót HSK fóru fram í Laugardalshöllinni laugardaginn 18. janúar síðastliðinn. Að þessu sinni voru 21 keppandi skráður frá Þjótanda og þeir fóru til Reykjavíkur með rútu ásamt Örvari þjálfara og nokkrum foreldrum. Eftir mót fór svo allur hópurinn og fékk sér pizzu. Ferðin tókst vel og var árangur eftirfarandi:

Nafn	Grein	árangur	sæti
Stúlkur 11 ára			
Ásthildur Ragnarsdóttir	60m hlaup	12,75sek	16.
	Kúluvarp 2kg	4,31m	13.
Klara Sól Ólafsdóttir	60m hlaup	12,50 sek	15.
	Kúluvarp 2kg	5,10m	10.
Marta Brynjólfsdóttir	60m hlaup	11,55sek	10.
	Langstökk	2,32m	11.
	Kúluvarp 2kg	5,95m	3.
Piltar 11 ára			
Einar Árni Ólafsson	Hástökk	1,00m	8.
	Kúluvarp	6,52m	4.
Elías Örn Jónsson	60m hlaup	11,98sek	11.
	Kúluvarp 3kg	5,46m	9.
	Langstökk	2,50 m	12.
Kristján Ingi Þórðarson	Hástökk	1,05m	6.
	60m hlaup	11,41sek	9.
	Langstökk	3,21m	6.
	800m hlaup	3:34,20mín	7.
Símon Martinsson	Hástökk	0,90m	10.
	60m hlaup	12,01sek	12.
	Langstökk	2,84m	10.
	Kúluvarp 2kg	6,26m	5.
Unnsteinn Reynisson	Hástökk	1,00m	7.
	60m hlaup	10,40sek	2.
	Langstökk	3,20m	7.
	800m hlaup	3:32,57mín	6.
Stúlkur 12 ára			
Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir	Hástökk	1,05m	6.-7.
	60m hlaup	11,50sek	15.
Piltar 12 ára			
Dagur Fannar Einarsson	60m hlaup	9,37sek	4.
	Langstökk	3,97m	3.

	800m hlaup	2:49,60mín	2.
Eiríkur Árnason	Kúluvarp 3kg	5,08m	11.
Kjartan Sveinn Guðmundsson	Langstökk	1,95m	14.
Logi Viðarsson	Langstökk	2,26m	13.
	Kúluvarp 3kg	5,61m	8.
Pétur Þór Brynjólfsson	Langstökk	2,33m	12.
	Kúluvarp 3kg	6,56m	7.

Stúlkur 13 ára

Kolbrún Katla Jónsdóttir	Kúluvarp 2kg	8,09m	6.
	60m grind.	15,41sek	9.

Piltar 13 ára

Brynjar Jón Brynjarsson	Kúluvarp 3kg	6,84m	6.
-------------------------	--------------	-------	----

Piltar 14 ára

Ásbjörn Pálmason	Hástökk	1,15m	6.
	60m hlaup	9,75sek	8.
	800m hlaup	3:13,09mín	4.
Stefán Narfi Bjarnason	Langstökk	4,35m	2.
	Kúluvarp 4kg	10,60m	1
	60m hlaup	8,96sek	4.
Ýmir Atlason	Langstökk	4,05m	3.
	Kúluvarp 4kg	7,20m	5.
	60m hlaup	9,56sek	6.

Stúlkur 15 ára

Sunna Skeggjadóttir	Kúluvarp 3kg	8,02m	3.
	Langstökk	4,07m	3.
	60m hlaup	9,33sek	2.

Piltar 16-17 ára

Unnar Freyr Bjarnason	Langstökk	4,17m	2.
	Hástökk	1,50m	2.
	60m hlaup	8,92sek	4.
	60m grind.	12,39sek	2.
	800m hlaup	3:01,79mín	2.

Meistaramót Íslands 15-22 ára

Þjóttandi átti einn keppanda á Meistaramóti Íslands 15-22 ára sem fram fór dagana 11. og 12. janúar. Það var Sunna Skeggjadóttir sem mætti til leiks og keppti í flokki 15 ára. Árangurinn var eftirfarandi:

60m hlaup	9,17sek	14. Sæti
Kúluvarp 3kg	8,50m	6. Sæti
Langstökk	3,91m	12. Sæti
Þrístökk	8,86m	10. Sæti
200m hlaup	32,50sek	16. Sæti

Fréttir frá Krakkaborg

Það er orðið langt síðan að birtust fréttir frá Krakkaborg í Áveitunni og ætla ég nú að bæta úr því. Hefðbundið leikskólastarf gengur vel hérna á Villingaholtinu þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður og leggjast allir á eitt með að leysa úr þeim takmörkunum sem húsnæðið og útisvæðið setur okkur. Á hinn bóginn njótum við þess líka að eiga í miklu og góðu samstarfi við Flóaskóla.

Í desember færði Foreldrafélag Krakkaborgar leikskólanum góða gjöf sem samanstóð af 12 vönduðum borð- og málörvunarspilum, kaplakubbum og geisladiskum. Þessi gjöf hefur nýst okkur mjög vel í starfinu og þökkum við foreldrafélaginu og velunnurum þeirra kærlega fyrir þessa frábæru gjöf. Við höfum einnig verið svo lánsöm að sveitungar og nemendur leikskólans hafa gefið leikskólanum ýmsar gjafir s.s. spil, púsl, bækur og föndurefni og vil ég nota tækifærið og þakka kærlega fyrir þennan hlýhug í okkar garð.

Í desember var mikið um að vera í leikskólanum. Við fengum til okkar leiksýninguna Grýla og jólasveinarnir og buðum vinum okkar í 1. og 2. bekk að horfa á með okkur. Við vorum með fönndurdag með foreldrum, héldum jólaball, börnin bjuggu til jólagjafir til foreldra sinna og svo var auðvitað fönndrað og jólalögin sungin.

Í janúar höfum við lagt áherslu á hefðbundið dagskipulag og rútínu. Börnin fara í íþróttatíma í Þjórsárverri, í listakrök, tónlist, tilraunir, málörvun og margt fleira skemmtilegt og svo erum við auðvitað dugleg að fara út að leika og í gönguferðir. Á bóndadaginn héldum við þorablót í leikskólanum. Þá fengum við gómsætan þorramat í hádeginu og voru börnin dugleg að smakka t.d. hákarl, súrt slátur, súra hrútspunga og fleira. Elstu börn leikskólans fara reglulega í heimsóknir í Flóaskóla og nú eftir áramótin eru heimsóknirnar á tveggja vikna fresti. Þar kynnast þau nemendum og starfsfólki Flóaskóla, taka þátt í leik og starfi og fá að auki að prófa hinar ýmsu námsgreinar eins og heimilisfræði, textílmenn, smíði, íþróttir og fleira.

Eins og margir hafa eflaust tekið eftir birtist innslag frá Krakkaborg í fréttatíma Stöðvar 2 á dögunum. Um var að ræða frétt sem tengist landsátakinu Fisk í dag sem Matís stendur fyrir. Átakið gengur út á að vekja landsmenn til umhugsunar um mikilvægi fiskneyslu og er sérstök áhersla lögð á að ná til unga fólksins. Öll leikskólabörn sem fædd eru 2008 fá afhenta litla barnabók sem heitir Fiskurinn hennar Stínu. Ingunn Jónsdóttir stöðvarstjóri hjá Matís kom í heimsókn í Krakkaborg og afhenti elstu börnunum bókina. Með henni fór var Magnús Hlynur Hreiðarsson fréttamaður sem tók upp skemmtilegt innslag frá Krakkaborg. Fréttina má finna á slóðinni: <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVE2F0AFEE-82CA-4839-AE3D-1AFFDA9C729D>

Það er margt framundan í leikskólastarfinu. Við höldum upp á Dag leikskólans 6. febrúar n.k og svo fer að stytast í bolludag, sprengidag og öskudag sem alltaf eru spennandi dagar í leikskólanum. Svo líður að páskum og

áður en við vitum af verður vorið komið. Það er því alltaf nóg að gera hjá okkur og reynum við að setja reglulega inn fréttir og myndir á heimasíðuna okkar www.leikskolinn.is/krakkaborg

Bestu kveðjur

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri í Krakkaborg

Frá Samhygð:

Af aðalfundi

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram sunnudagskvöldið 26. janúar í félagsherberginu í Félagslund. Formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu tíðindi starfi félagsins 2013. Þar bar hæst góður árangur afreksíþróttafólks Samhygðar þeirra Marínar Laufeyjar Davíðsdóttir glímukonu sem varð glímudrottning í þriðja sinn og Kristins Þórs Kristinssonar sem bætti árangur sinn á hlaupabrautinni og sigraði m.a. þrefalt á Landsmóti UMFÍ á Selfossi. Starf félagsins var að öðru leiti að mestu hefðbundið. Haldið var úti æfingum í glímu og frjálsum í samvinnu við Baldur og Vöku. Áveitan hélt sínu striki í samvinnu við sömu félög, spilað var skírdagsbingó og Flóahlaupið var vel sótt að vanda. Gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins sem sýndu dálítinn hagnað að rekstri aðalsjóðs félagsins en allnokkrum fjármunum var varið úr styrktarsjóði Samhygðar til þjálfunar Kristins Þórs Kristinssonar. Stjórn félagsins var endurkosinn óbreytt en hana skipa Stefán Geirsson formaður, Hugrún Geirsdóttir gjaldkeri, Margrét Valdimarsdóttir ritari, Anný Ingimarsdóttir og Jökull Baldursson meðstjórnendur. Fundarmenn samþykktu tillögu Jóns M. Ívarssonar um að tilnefndir yrðu heiðursfélagar Umf. Samhygðar eftir alllangt hlé. Almennar umræður var nokkrar og sneru mest að framtíðarstarfi félagsins, tilhögun styrkja til afreksíþróttamanna auk þess hvernig framtíðariþróttasamstarfi ungmennafélaganna í Flóahreppi væri best háttáð.

Kristinn Þór Íslandsmeistari í 800 m hlaupi

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum innanhúss fór fram í Laugardalshöllinni um helgina en

Kristinn Þór Kristinsson úr Samhygð sigraði þar í 800 m hlaupi á tímanum 1:52,25 mín. og hlaut 1016 stig sem var bestu árangur í karlaflokki á mótinu.

Sauðfjarræktarfélag Gaulverja

Eftir langt hlé verður haldinn fundur í Sauðfjarræktarfélagi Gaulverja miðvikudagskvöldið 26. febrúar kl. 20:30 í Félagslund. Sauðfjarbændur og annað áhugafólk velkomið.

Tilnefningar til Íþróttamanns Flóahrepps

Æskulýðs-og tómstundanefnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins 2013. Þeir sem tilnefndir eru þurfa að hafa lögheimili í Flóahreppi og hafa skarað fram úr í íþróttum á árinu 2013. Ábendingar skulu berast fyrir 1. mars á netfangið/síma anny@arborg.is /861-8368 (Anný) eða í síma 696-1752 (Ranna)

Dagskrá mánaðarins

Frjálsar í Þingborg	4. febrúar
Basarvinna Kvf. Gaulverjabæjarhr.	4. febrúar
Grunnskólámót HSK í glímu	5. febrúar
Glimuæfing eldri	6. febrúar
Dagur kvenfélagskonunar í Þingborg	6. febrúar
Þorrablot í Þingborg	8. febrúar
Glimuæfing	10. febrúar
Frjálsar í Þingborg	11. febrúar
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	12. febrúar
Glimuæfing eldri	13. febrúar
Opið hús Kvenfelag Villingaholtshr.	16. febrúar
Messa í Hraungerðiskirkju	16. febrúar
Folaldasýning Hrossaræktarfélag. Villingahhr.	16. febrúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	16. febrúar
Glimuæfing	17. febrúar
Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Hraung.hr	17. febrúar
Frjálsar í Þingborg	18. febrúar
Aðalfundur Nautgriparæktarfélag. Flóamanna	18. febrúar
Basarvinna Kvf. Gaulverjabæjarhr.	18. febrúar
Glimuæfing eldri	20. febrúar
Uppskeruhátíð hrossaræktarfélaganna	21. febrúar
Glimuæfing	24. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraung.hr.	24. febrúar
Frjálsar í Þingborg	25. febrúar
Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Gaulverja	26. febrúar
Glimuæfing eldri	27. febrúar
Héraðsleikar HSK	1. mars



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160